

Reykjalundur endurhæfing ehf.

54. fundur stjórnar mánudaginn 16. september 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Arna Harðardóttir boðaði forföll.

Fundarritari er Pétur Magnússon.

Dagskrá

1. Eldri fundargerðir til samþykktar og undirritunar.

- Nr. 52 – 20. ágúst 2024. Frestað til næsta fundar.

2. Skýrsla um helstu atriði í starfseminni, kynning frá forstjóra.

- Staða húsnæðismála. Ekkert nýtt er að fréttu af mögulegum leigugreiðslum frá ríkinu til að setja upp bráðabirgðahúsnæði á lóð Reykjalundar. Vinnuhópur ráðuneytisins um húsnæðismál endurhæfingarstofnanna hefur ekki skila af sér lokaskýrslu ennþá.
- Mögulegt samstarf við Heilbrigðisstofnun Austurlands. Kynnt var að samtal væri í gangi við Heilbrigðisstofnun Austurlands um mögulegt samstarf í endurhæfingapjónustu. Fulltrúar stofnunarinnar koma í heimsókn á Reykjalund í október þar sem mögulegt samstarf verður rætt betur og útfært ef báðir aðilar sjá sér hag að slíku.
- Staða fjármála. Innleiðinga á nýju bókhaldskerfi (Business Central) er að ljúka og hefur allt verið á fullu í því sambandi. Meðal annars er búið að koma í gagnið að tveir samþykkjendur eru á hverjum reikningi og allar samþykktir eru nú rafrænar.

3. Samskipti við stjórn SÍBS.

- Erindisbréf stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. (sjá fylgigögn). Formaður lagði fram til kynningar Erindisbréf stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. sem stjórn SÍBS samþykki nýlega á fundi sínum. Ákveðið að stjórnarmenn skoði og umræður verði teknar á næsta fundi.
- Staða aðilaskipta í samningamálum við Sjúkratryggingar Íslands. Formaður og forstjóri röktu í stórum dráttum ferlið undanfarið við að koma í gegn aðilaskipum Reykjalundar. Viðræður standa nú yfir við SÍ og miðar vel.
- Fyrirhugaður samstarfsfundur með stjórn RLE og SÍBS og samskipti. Rætt var um mikilvægi þess að stjórn RLE og stjórn SÍBS hittust reglulega á samráðsfundum. Formanni falið að ræða við SÍBS og finna heppilega dagsetningu eða dagsetningar. Dagskrárefni yrði nánar rætt á næsta fundi.

4. Önnur mál.

- TEAMs svæði stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. Kynnt var að stjórn er nú komin með gagnageymslusvæði og fyrirkomulagi á því.
- Hugsanleg breyting dagsetningar fundar stjórnar í nóvember. Að beiðni forstjóra var ákveðið að flytja til dagsetningu á fundi stjórnar RLE sem fyrirhugaður var 11. nóvember. Nýr tími er þriðjudagurinn 5. nóvember kl 8.15.

Fundi slitið kl 9:45

Næsti fundur stjórnar: 14.október, kl 8:15-9:45.

Andri Þ. Sigurðsson
Stjórnarformaður
ALD A.
Ema Þardardóttir